

Breytingar á reglum um staðgreiðslu af launum, tryggingagjaldi og fjármagnstekjum

Sérstakur tekjuskattur (hátekjuskattur)

Stofn

Stofn til sérstaks tekjuskatts (hátekjuskatts) er sá sami og notaður er til að reikna hefðbundna staðgreiðslu; tekjur að frádregnu iðgjaldi í lífeyrissjóði.

Afdráttur staðgreiðslu

Á tímabilinu júlí-desember 2009 skal halda eftir 8% hátekjuskatti af stofni sem er umfram kr. 700.000 á mánuði. Skattinum skal halda eftir við útborgun launa og skila, ásamt annarri afdreginni staðgreiðslu, til innheimtumanns.

Halda skal eftir staðgreiðslu vegna hátekjuskatts miðað við tekjur í hverjum mánuði óháð því hverjar þær eru í öðrum mánuðum.

Mánaðarlaun	800.000
Iðgjald í lífeyrissjóð	32.000
Iðgjald í séreignarsjóð	32.000
	=====
Stofn til staðgreiðslu	736.000
Viðmiðunarm. v/hátekjuskatts	700.000
	=====
Stofn til hátekjuskatts	36.000
Álagningarhlutfall	8%
Hátekjuskattur	2.880

Sjómanna-laun o.fl.

Prátt fyrir að laun eða hluti launa, svo sem fyrir yfirvinnu, ákvæðisvinnu eða aflahlut, koma ekki til uppgjors fyrr en að launatímabili loknu, skulu þau samt talin til launa þess tímabils, enda fari uppgjör fram innan 14 daga frá lokum þess. Þessar reglur standa óbreyttar.

Þannig skulu laun sjómanns, vegna veiðiferðar í júní, teljast til júnílauna, svo fremi sem uppgjóri (eða bráða-birgðauppgjóri) á aflahlut sé lokið eigi síðar en 14. júlí. Laun fyrir veiðiferð sem hefst í júní má telja til júnílauna þótt afla sé landað eftir mánaðamót, enda hafi a.m.k. 1/2 veiðiferðarinnar verið í júní og uppgjóri lokið 14. júlí.

Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal halda eftir 8% hátekjuskatti af stofni umfram kr. 161.096*. Séu vikulaun ýmist innan þessara marka eða yfir þeim, má jafna launum milli vikna innan mánaðarins, en ekki milli mánaða.

* $(700.000 \text{ kr.} \times 12/365) \times 7 = 161.096 \text{ kr.}$

Tryggingagjald

Tryggingagjald hækkar frá 1. júlí úr 5,34% í 7%. Viðbót vegna launa sjómanna er óbreytt 0,65%.

Fjármagnstekjuskattur

15% staðgreiðsla

Frá 1. júlí 2009 skulu bankar og aðrar fjármálastofnanir reikna og halda eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila ársfjórðungslega til innheimtumanns. Skal skattur þessi vera 15%. Sama gildir um arð sem greiddur er til eigenda af eignarhlutum í félögum.

Af fjármagnstekjum sem til falla fyrir 1. júlí reiknast 10% skattur.

Uppgjör staðgreiðslu við álagningu

Við álagningu ákvarðast fjármagnstekjuskattur 10% af öllum fjármagnstekjum sem féllu til á tímabilinu janúar -

júní 2009. Fjármagnstekjur sem falla til á tímabilinu júlí - desember 2009 og eru undir 250.000 kr. (500.000 kr. hjá hjónum) bera sömuleiðis 10% skatt, en á fjármagnstekjur umfram þá fjárhæð leggst 15% skattur.

Aðrar fjármagnstekjur

Sem fyrr eru tekjur af söluhagnaði skattlagðar eftirá, sem og leigutekjur. Frá 1. júlí gilda sérstakar reglur um leigutekjur, en frá þeim tíma mynda 70% þeirra skattstofn en 30% eru skattfrjálsar.